

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 71/97
frá 4. október 1997**

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/97 frá 27. júní 1997⁽¹⁾.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/302/EB frá 17. apríl 1996 um ákvörðun eyðublaðs fyrir upplýsingarnar sem veita skal samkvæmt 3. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/689/EBE um hættulegan úrgang⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi nýr liður komi aftan við lið 32aa (ákvörðun ráðsins 94/904/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„32ab. 396 D 0302: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/302/EB frá 17. apríl 1996 um ákvörðun eyðublaðs fyrir upplýsingarnar sem veita skal samkvæmt 3. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/689/EBE um hættulegan úrgang (Stjtið. EB nr. L 116, 11. 5. 1996, bls. 26).“.

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið gefin út.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 116, 11. 5. 1996, bls. 26.

2. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 96/302/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 5. október 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 4. október 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

E. Bull

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner